



Kristin trú í dag

Kristin trú er útbreiddasta trú heims okkar en um 1/3 jarðarbúa eða um 2,3 milljarðir manna aðhyllast kristna trú í dag. Stærstu kirkjudeildirnar, rómversk-kaþólska kirkjan, rétttrúnaðarkirkjan og evangelíska kirkjan eru fjölmennastar en þær skiptast líka í margar kirkjudeildir og því eru mjög margir trúarhópar kristnir og trúá á Jesú Krist sem son Guðs en hafa ólíka siði og helgihald.



Dæmi um slíkar deildir eru hvítasunnusöfnuðurinn, aðventistar, enska biskupakirkjan og mormónar. Talið er að til séu um 30.000 trúarhópar sem telja sig kristna í heiminum í dag. Kristið fólk er að finna hvar sem er en meirihluti íbúa í Norður- og Suður Ameríku, Evrópu og Ástralíu eru kristnir. Á Filippseyjum í Asíu eru 90% landsmanna kristin og í Kongó og Nígeríu í Afríku um 60 milljónir í hvoru landi. Starfandi er Alkirkjuráð sem frá því árið 1984 hefur unnið að því að kristnar kirkjudeildir starfi saman. Alkirkjuráðið er ráðgefandi hjá Sameinuðu þjóðunum og veitir fórnarlömbum náttúrhamfara og flóttamönnum aðstoð víða um heim ef á þarf að halda. Hjálparstofnanir kirkjunnar starfa einnig víða í fátækari löndum við þróunaraðstoð. Jesús lagði áherslu á það við lærisveina sína að elska náungann eins og sjálfan sig og koma eins fram við alla menn og hafa hjálparstofnanirnar þetta að leiðarljósi í sínu starfi. Enn eru þó ýmis mál innan kirkjudeilda kristninnar sem verið er að deila um og má þar nefna stöðu samkynhneigðra, fóstureyðingar, getnaðarvarnir og prestvígslur kvenna.

Hvítasunnusöfnuðurinn á rætur að rekja til Bandaríkjanna og Englands á 19. öld og er sú kirkjudeild sem vex hvað mest af kristnum kirkjudeildum í heiminum í dag. Aðaláhersla er lögð á heilagan anda Guðs bæði innan kirkjunnar og í samfélaginu. Bænir og handayfirlagning er mikilvægur þáttur auk tungutals og vitnisburðar um trúna. Hvítasunnusöfnuðurinn er fjölmennari en lúterska kirkjan á heimsvísu en skiptist í marga sjálfstæða söfnuði. Barst til Íslands frá Norðurlöndunum árið 1921.

Aðventistar eiga upptök sín í Bandaríkjunum á 19. öld og samstanda af hópi endurskírenda sem reiknaði út, samkvæmt Biblíunni, endurkomu Jesú, auk heimsenda. Síðar varð klofningur innan þeirra í marga smærri hópa. Þeirra stærstur er Sjöunda dags aðventistar, stofnaður af Ellen White. Aðaláhersla er lögð á endurkomu Jesú og heimsendi. Sjöunda dags aðventistar hafa starfað hér á landi frá því í lok 19. aldar.



Enska biskupakirkjan er talin eiga rætur að rekja til keltnesku kirkjunnar sem var starfandi á Bretlandseyjum áður en trúboð Evrópukirkjunnar hófst. Ensku biskupakirkjunni er stjórnað af erkibiskupinum af Kantarborg í Englandi en hver söfnuður er sjálfstæður að öðru leyti. Kirkjan heldur fast í margar af hefðum kaþólsku kirkjunnar en hafnar óskekikulu valdi páfans í Róm. Á nýlendutímum Breta breiddist kirkjan út um víða veröld.

Mormónar, einnig nefnd Kirkja Jesú Krists, hinna síðari daga heilögu. Var stofnuð af Bandaríkjamanninum Joseph Smith á fyrri hluta 19. aldar. Mormónar kenna sig við Jesú Krist eins og hann er túlkaður af nýjum spámönnum sem uppi voru á síðari tímum. Joseph Smith fékk opinberun frá Guði og skrifaði Mormónsbók sem hann gaf út 1830. Hún er talin vera viðbót við Biblíuna en auk þess hafa þeir mörg önnur trúarrit ólíkt öðrum kristnum kirkjudeildum. Þeir byggja ekki á játningum kirkjunnar og því samþykkir heimskirkjan þá ekki sem kirkjudeild. Mikil áhersla er lögð á trúboð enda ferðast ungir mormónar stöðugt um heiminn og boða trú sína. Kirkja Jesú Krists, hinna síðari daga heilögu hefur verið löggilt trúfélag hér á landi og starfrækt síðan 1983.

Þróunaraðstoð merkir aðstoð við fátækari lönd eða þjóðir til aukinna framfara.

Spurningar

1. Hve stór hluti Jarðarbúa er kristinn?
2. Nefndu fjórar kirkjudeildir aðrar en þær þrjár stærstu.
3. Skoðaðu myndina með kaflanum. Vínrauðu svæðin tákna lönd þar sem kristnir eru í miklum meirihluta. Í hvaða heimsálfum eru tiltölulega fáir kristnir?
4. Hvert er hlutverk Alkirkjuráðsins?
5. Út frá hvaða hugmyndum vinna hjálparstofnanir kirkjunnar?